

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu- og eyðingar, sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs, sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. nóvember 2011 og birt í Stjórnartíðindum nr. 46/2012. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	<i>Heimili</i>	<i>Frístundahús</i>	<i>Lögbýli***</i>	<i>Fyrirtæki</i>
Grunngjald kr.*	17.554	12.549	7.529	15.360
Íláttagjald **	21.694			
Samtals kr.	39.248	12.549	7.529	15.360

* Grunngjald tekur til reksturs sorpherfisins, s.s. gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpherfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Íláttagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1234/2014.

Hvolsvelli, 10. desember 2015.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2016